

Aðalfundur Félags starfsmanna Alþingis

25. febrúar 2022, kl. 14:00 - 15.30

Fundur í Skála

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara

Ívar Már Ottason tók að sér að setja fundinn í fjarveru Hildar Edwald formanns FSA, sem mætti til fundar stuttu síðar. Ívar Már stakk upp á Birni Frey Björnssyni sem fundarstjóra. Það var samþykkt og tók hann við stjórn fundarins. Þá var einnig samþykkt að Anna Einarsdóttir yrði ritari fundarins. Fyrsta verk fundarstjóra var að fresta dagskrárlið nr. 2, skýrslu stjórnar, þar til formaður gæti setið fundinn.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram

Sigrún Gautsdóttir, gjaldkeri FSA, gerði grein fyrir endurskoðuðum reikningum félagsins. Þeir eru birtir á Hakinu á svæði FSA, sjá:

<https://innri.althingi.is/starfsmannamal/felag-starfsmanna-althingis-fsa/>

Reikningarnir verða jafnframt aðgengilegir í rafræna skjalakerfinu One.

Stærsti útgjaldaliður ársins er íþróttastyrkur að upphæð rúmar 4 milljónir. Helstu útgjaldaliðir aðrir voru haustfagnaður á Petersen, Zoom fundur, vorfagnaður þar sem Ísbúðin Valdís mætti og Dr. Bike gerði við hjól starfsmanna. Einnig kom til kostnaður vegna netbókhalds og vegna lögfræðiaðstoðar í tengslum við starfsmannamál. Gjöld umfram tekjur námu rúmri milljón. Íþróttastyrkur hefur frá og með áramótum 2022 verið færður undir stjórn skrifstofu Alþingis. Eignir í lok árs eru rúmar 2 milljónir. Áformað er að semja um hærra framlag til starfsmannafélags við skrifstofu Alþingis. Reikningar félagsins voru bornir upp til atkvæða samþykktir einróma.

4. Skýrslur nefnda

a. Skýrsla Orlofssjóðs

Steinunn Haraldsdóttir flutti skýrslu Orlofssjóðs FSA og Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2021, en í nefndinni voru auk hennar Garðar Adolfsson, Guðný Vala Dýradóttir, Guðbrandur Leósson og Gestur Páll Reynisson. Varamaður var Laufey Einarsdóttir. Ársreikningur sjóðsins er birtur á Hakinu. Tekjuafgangur ársins var 1.111.000 kr., eigið fé í árslok er 26.434.000 kr. og inneign á almennum bankareikningum 19.616.00 kr.

Árið 2021 var eins og árið 2020 annasamt og óvenjulegt, mikil ásókn var í bústaðina og enn aukning í útleigu, líkt og á árinu 2020. Allar helgar voru leigðar út og einnig var nokkuð um útleigu á virkum dögum. Alls bárust 50 umsóknir fyrir sumarárúthlutun og af þeim voru 30 sem fengu úthlutað en 20 var synjað. Að þessu sinni var nær 100% nýting á sumarárúthlutunum. Óbreytt verð var á árinu 2021 eins og verið hefur frá árinu 2014 og vor og haustúthlutanir gengu mjög vel.

Golfvelliir eru við öll sumarhús FSA, í Húsafelli, í Laugarási og á Akureyri.

Að venju var boðið upp á veiðikort, útilegukort, hótél gistimiða og gjafabréf hjá Icelandair Connect og Icelandair. Boðið er upp á ferðaávisanir í samstarfi við orlofshúsakerfið Frímann eins og á síðasta ári. Framlag ríkissjóðs í Orlofssjóð FSARE er 0,5% af fullum launum félagsmanna.

Helstu framkvæmdir ársins voru þær að leiktæki (rólur og mark) voru endurnýjuð í Laugarási og þar var einnig endurnýjuð eldhúsinnrétting og settur upp nýr sturtuklefi í janúar á þessu ári.

Atvik kom upp í byrjun árs og af því tilefni var sent bréf til félagsmanna. Í bréfinu var óskað eftir því að félagsmaður sé í útleigðu húsi sjálfur og það ekki framselt til annara. Eftirsóknin í kjölfar C-19 hefur verið mjög mikil. Yfirleitt hefur umgengni verið í góðu lagi en þó hefur þurft að árétta hana í einstaka tilfelli.

Fyrirspurn kom um hvort hægt væri að fá þrif í sumarhúsunum. Það er nú þegar hægt í Laugarási en sjálfsagt þykir að skoða þjónustu við fleiri bústaði í framtíðinni.

b. Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs

Inga Valgerður Stefánsdóttir flutti skýrslu Starfsmenntunarsjóðs. Ársreikningur er ekki tilbúinn en verður birtur á Hakinu innan skamms. Í upphafi starfsárs voru eignir sjóðsins um 28 milljónir. Haldnir voru þrír úthlutunarfundir á árinu og var 66 styrkjum úthlutað til 55 styrkþega að fjárhæð rúmlega 6.066.000 kr. Samþykktar umsóknir um starfsmenntunarstyrk námu rúmlega 4,6 millj. kr. og vegna tómstundastyrkja að fjárhæð rúmlega 1,5 millj. kr. Einhverjir styrkir voru ógreiddir um áramótin þar sem styrkþegar höfðu ekki skilað inn tilskyldum gögnum. Tveir af þremur fundum sjóðsins fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna Covid. Nú er öll vinnsla og afgreiðsla umsókna rafræn en áður var haldið utan um umsóknir og gögn í pappírformi. Í febrúar 2021 voru samþykktar breytingar á starfsreglum sjóðsins, þar sem m.a. var felld brott krafa um fastráðningu en þess í stað miðað við að framlag hafi verið greitt í sjóðinn í 6 mánuði. Eins og reglurnar voru áður þá féllu einstaka starfsmenn á milli og gátu ekki sótt um styrk. Þá voru gerðar breytingar á stjórn sjóðsins og kom meðal annars inn fulltrúi frá umboðsmanni Alþingis, sem hafði ekki áður verið, en jafnframt er fulltrúi fyrir hönd Ríkisendurskoðunar og starfsmanna skrifstofu Alþingis í stjórn sjóðsins. Í stjórn sjóðsins eru í dag Lárus H. Bjarnason frá umboðsmanni Alþingis, Elísabet Stefánsdóttir frá Ríkisendurskoðun og Inga Valgerður Stefánsdóttir frá skrifstofu Alþingis.

c. Skýrsla Fjölskyldu- og styrktarsjóðs

Jón Magnússon fyllti í skarðið fyrir Elínu Valdísi Þorsteinsdóttur og flutti skýrslu Fjölskyldu- og styrktarsjóðs og kynnti reikninga sjóðsins sem er að finna á Hakinu. Fimm úthlutunarfundir voru haldnir á árinu 2021. Tekjur sjóðsins, tæplega 12 milljónir króna, eru hluti af launatengdum gjöldum eða 0.75% af launum. Greiddir voru út 150 styrkir. Heildarupphæð styrkja var 10,3 milljónir sem skiptist í heilbrigðiskostnað,

krabbameinsleit, tannlæknakostnað, lyfjakostnað, styrki til gleraugna- og linsukaupa, leiseraðgerðir og styrki til kaupa á heyrnartækjum. Minnt er á að styrkir eru skattskyldir. Tekjur sjóðsins voru samtals tæpar 12 milljónir, útgjöld 10,4 milljónir og hagnaður því rúmlega 1,6 milljónir. Eignastaða sjóðsins er ágæt og innistæða á bankareikningi í Landsbanka Íslands 37,6 milljónir. Jón lauk máli sínu á því að minna félagsmenn á þau réttindi sem eru í sjóðnum, sem eru sambærileg eða betri en í öðrum sjóðum. Stjórn FOS skipa Elín Valdís Þorsteinsdóttir, Hildur Edwald og Jón Magnússon. Varamenn eru Guðný Vala Dýradóttir og Kristel Finnbogadóttir Flygenring.

d. Skýrslur annarra nefnda

Aðrar nefndir kvöddu sér ekki hljóðs.

2. Dagskrármál tekið fyrir, skýrsla stjórnar

Hildur Edwald, formaður FSA, flutti skýrslu stjórnar. Stjórnarmenn voru auk hennar Sigrún Gautsdóttir gjaldkeri, Ívar Már Ottason varaformaður og Axel Viðar Egilsson ritari. Varamenn voru þær Sigurlaug Skaftadóttir McClure og Sólveig Skaftadóttir.

Leifur V. Gunnarsson hætti störfum fyrir skrifstofu Alþingis seint á árinu 2021 og við þau tímamót tók Sigrún Gautsdóttir við hans starfi innan FSA og Sigurlaug Skaftadóttir McClure tók sæti í stjórn.

Heimsfaraldurinn setti alla starfsemi félagsins úr skorðum annað árið í röð og því hefur enn ekki verið hægt að halda árshátíð. Mikil vinna hefur þó farið í að panta sali og afpanta þá jafnharðan. Af þessum sökum hefur stjórnin ekki haft mörg tækifæri til að vera sýnileg frekar en á fyrra ári.

Helstu tíðindi frá síðasta ári eru kannski þau að íþróttastyrkurinn hverfur nú úr umsjá FSA og fer undir skrifstofu Alþingis undir heitinu heilsustyrkur. Mikið álag hefur hlotist af útgreiðslu íþróttastyrkja og verðu hægara um vik að hafa þá í umsjá skrifstofu Alþingis. Helstu fjárframlög til FSA hafa farið í að skipuleggja árshátíð sem að þessu sinni féll niður. Vefur félagsins hefur ekki verið uppfærður lengi og er orðinn úreltur og gamall. Því er spurning hvort upplýsingaveita FSA fari á Hakið eða hvort keypt verði þjónusta við nýjan vef. Ný stjórn tekur við því máli og klárar væntanlega með sóma. Ísbíll kom þegar Covid-19 þokunni létti í vor, gefnir voru leikhúsmiðar í jólagjöf sem félagsmenn geta vonandi nýtt sér núna þegar takmörkunum er aflétt. Jólaball var haldið og tókst vel. Jólasveinar komu í heimsókn en ekki var hægt að dansa í kring um jólatré vegna takmarkana. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir og almennum málum sinnt. Hildur þakkaði fyrir traustið sem henni var sýnt með því að vera kosin og vonar að næsti formaður taki við góðu búi.

5. Lagabreytingar

Engar óskir um lagabreytingar bárust stjórn FSA fyrir fundinn.

6. Ákvörðun félagsgjalds

Engar breytingar.

7. Kosning formanns

Sigrún Rósa Björnsdóttir bauð sig fram til formanns og var hún kjörin einróma.

8. Kosning meðstjórnenda og varamanna

Í framboði voru: Ívar Már Ottason, Sigrún Gautsdóttir, Jón Ingi Valdimarsson og Sonja Lind Estrajher Eyglóardóttir. Anna Lís Björnsdóttir og Gunnþóra Elín Erlingsdóttir buðu sig fram til varamanns. Voru þau kjörin einróma. Stjórnin skiptir með sér embættum á fyrsta stjórnarfund

9. Kosning skoðunarmanna og varamanns

Erla Ósk Benediktsdóttir og Steindór Dan Jenssen gáfu kost á sér og voru þau kjörin einróma. Heiðrún Pálsdóttir var kjörin sem varamaður.

10. Kosning í nefndir

Orlofssjóður

Steinunn Haraldsdóttir var kjörin til tveggja ára fyrir ári síðan og situr áfram. Garðar Adólfsson gefur kost á sér til tveggja ára og það gerir Laufey Einarsdóttir einnig. Guðný Vala Dýradóttir var kjörin varamaður

Starfsmenntunarsjóður

Aðalmaður fyrir hönd skrifstofu Alþingis, sem kjörinn var til tveggja ára í fyrra, Inga Valgerður Stefánsdóttir, situr áfram.

Fjölskyldu- og styrktarsjóður

Í framboði til áframhaldandi setu voru þau Elín Valdís Þorsteinsdóttir, Jón Magnússon og Axel Viðar Egilsson (kemur inn fyrir Hildi Edwald) og voru þau kjörin einróma. Varamenn verða áfram Guðný Vala Dýradóttir og Kristel Finnbogadóttir Flygenring

Skemmtinefnd

Anna Sigurborg Ólafsdóttir og Marta Miríjam Kristinsdóttir gáfu kost á sér og voru þær kjörnar einróma.

Kjaranefnd

Í framboði til áframhaldandi setu voru Ólafur Elfar Sigurðsson, Ingvi Stígsson og Gunnþóra Elín Erlingsdóttir. Voru þau endurkjörin einróma.

Öryggisfulltrúar

Í framboði voru Eyþór Benediktsson og Sigrún Helga Sigurjónsdóttir og voru þau kjörin einróma.

Eftirlit með rekstri mötuneytis

Í framboði voru Ólafur Elfar Sigurðsson og Arnar Kári Axelsson. Ólafur Elvar bauð sig fram til áframhaldandi setu en Arnar Kári er nýr inn og voru þeir kjörnir einróma.

11. Önnur mál

Ein ábending kom fram. Ingibjörg Jónsdóttir upplýsti að eldri kjarasamningar FSA hefðu verið vistaðir undir máli 2202280 í One til varðveislu (Eldri kjarasamningar, af vef FSA).